

Gullkorn

2004-2011



Dagný, Bjartur & Sunna

Gullkorn Bjarts

29.11.11

Beturvitia

Bjartur vildi meina að þegar tunglið væri eins og banani í laginu væri það vegna þess að sólin skín ekki á allt tunglið... sem er svo sem rétt, en þegar mamma hans sagði að það væri vegna þess að jörðin skyggði á hinn helminginn var hann ekki alveg að kaupa það. Leitað var til pabbans í þessu máli og hann spurður út í þetta. Hann bakkaði mömmuna upp; jú, tunglið er ekki fullt vegna þess að sólin skín á jörðina og þá kemur skuggi á tunglið....

"Nei." segir Bjartur.

"Jú". segja mamman og pabbinn.

"Nei" segir Bjartur aftur.

Pabbinn segir: "Bjartur þú ert svo mikill besserwesser. Það þýðir að þú þykist alltaf vita allt".

"Ég veit! HAHHAHAHAHA..... " sagði þá okkar maður.... stundum hefur maður ekkert í þetta barn!

7.11.11

Maður saknar ekki einhvers sem maður veit ekki að er til, er það?

Bjartur var að horfa á náttúrulífspátt um fólk sem býr hátt uppi í trjám regnskóga og byggir sér hús þar uppi. Þátturinn sýndi hversu einfalt líf þessa fólks er og eitthvað fannst okkar manni þetta vera flott líf. Klifur og alls kyns kúnstir við að kveikja eld og svona sem 7 ára strákum finnst svakalega spennandi. Hann segir:"Oh, ég vildi að ég byggi þarna."

Eitthvað fannst okkur foreldrunum þetta fyndið- tölvu og legosjúklingurinn sjálfur!

"Þarna er sko engin tölvu!" heyrðist í gamla fólkinu.

Þá segir gáfnatrumpurinn:"Já ef ég byggi þarna þá myndi ég ekkert vita af tölvum, þannig að....."

Hann kláraði ekki einu sinni setninguna. Þetta lá bara í augum uppi!

8.8.10

Að vita og ekki vita

Bjartur er stundum leeeengi að sofna ;o)

Reglulega spyr hann hvernig hann eigi eiginlega að fara að því að sofna... Þá er svarið alltaf:„Loka augunum lengi og hugsu um eitthvað fallett."

Eitt kvöldið gat gáfnatrumpurinn ekki sofnað, kemur fram og spyr hvernig hann eigi að sofna.

Mamma:„Lokaðu augunum bara. Og hafðu þau lokuð. Ertu alltaf að gleyma þessu?"

Bjartur:„Já! hvernig á maður alltaf að sofna?"

M:„Maður hefur bara augun lokuð og hugsar um eitthvað. T.d. það sem maður gerði í dag eða eitthvað fallett og gott. Áður en maður veit af þá er maður bara sofnaður og farinn í draumaheima."

B:„Þú getur samt ekki sagt það. "Áður en maður veit af" Af því að maður veit ekki af því þegar maður sofnar..."

Stundum er þessi krakki of klár fyrir mömmuna....

8.5.10

Bjartur var að borða Ópal:

"Nú getum við andað betur."

Mamma:"Afhverju?"

B:"Af því að Ópal bætir andrúmsloftið".

10.12.09

Peningana undir koddann?

Bjartur á nokkra tókalla og krónur í bauk. Hann er oft að telja þessa aura sína og átta sig á hvernig þetta er allt saman upp byggt... Baukurinn hefur átt sinn heiðursess efst á bókahillunni inní herbergi krakkanna, nema nú þegar við skreyttum fyrir jólin var hann færður í gluggakistuna svo að pláss væri fyrir Maríu mey með Jesúbarnið og Jósep á bókahillunni.

Okkar maður er oft leeeeeengi að sofna, hann pælir og pælir og hugsar og hugsar. En í kvöld var hann áhyggjufullur. Svo áhyggjufullur að hann var í vandræðum með að halda aftur af tárunum... "Mamma. Gardínan hreyfist alltaf til því glugginn er opinn. Þá held ég að stelupjófar séu að reyna að komast inn og stela peningunum mínum".

Já, það er erfitt að vera ríkur ... og ýmislegt reynt til að fá athygli fyrir svefninn ;0)

24.11.09

Lykt af snjókomu

"Pabbi, finnurðu lyktina af snjónum, það mun koma snjór í dag." sagði Bjartur í morgun á leiðinni í leikskólann. Hann var alveg klár á því að "lyktin" af kuldanum þýddi að það myndi snjóa í dag.

17.11.09

Langt prump?

Þeir sem þekkja Bjart vita að hann getur verið svoldið lengi að hlutunum.... Okkar maður var að fara að sofa og tók sinn tíma í að leggjast á koddann....

Mamma: „Leggstu niður svo ég geti breitt yfir þig Herra Lengi.“

Bjartur: „Af hverju Herra Lengi?“ (kom alveg af fjöllum sko).

M: „Bara... af því þú ert svo lengi að öllu“.

B: „Nei! Ég er ekki lengi að prumpa!“

Hahahahaha....

27.9.09

Heilabrot

Pabbi og Bjartur voru að spekingast inní eldhúsi eitt kvöldið.

Pabbi: „Bjartur, hvað verður Sunna gömul þegar Dagný verður 5 ára?“

Bjartur hugsar sig um.....

Pabbi: „Manstu, Sunna er tveimur árum eldri en Dagný.“

Bjartur: „já....7ára?“

Pabbi: „Já. En hvað verður þú þá gamall?“

B: „9 ára.“

Hugsar sig svo um stutta stund....

„Þá verð ég búin að eiga hamstur í eitt ár.“

Hann ætlar ekki að sleppa þessu drengurinn!

(Bjartur 5 ára, sept 2009)

17.8.09

Bjartur að horfa á So you think you can dance.

Pællir mikið í því af hverju dómararnir og keppendur eru ekki alltaf í sömu fötunum...

Bjartur: Af hverju eru þau alltaf í nýjum fötum?

Mamma: Af því þau skipta alltaf um föt. Þetta eru eins og búningar.

B: Já en dómararnir eru líka oft í nýjum fötum.

M: Já. Þetta er ekki allt sama kvöldið. Þau skipta um föt af því að það er kominn annar dagur.

B: En Dóra (landkönnuður) er ALLTAF í sömu fötunum. Samt kemur nýr dagur hjá henni....

Ekki alveg að kveikja á því að Dóra er teiknimynd. En sýnir tilbreytingarleysið í Dóru sem er sko ekki í uppáhaldi hjá foreldrunum!

(ágúst 2009)

8.8.09

Kaldur eplasvali

Bjartur fékk kalt epli um daginn og þá heyrðist í spekingum "Mmmm, eplasvali...kaldur".

Hættur að hjóla

Bjartur tilkynnti okkur um daginn að hann ætlaði að hætta að hjóla þegar hann yrði 8 ára því þá yrði hann svo upptekinn af því að hugsa um hamsturinn sinn. Mamma hans lofaði honum út í lofið að hann fengi hamstur þegar hann yrði 8 ára án þess að gera sér grein fyrir að hann myndi ekki gleyma því lofordi =)

20.5.09

Helgamma Hulk

Bjartur sagði við Helgömmu að hún væri "sterk eins og Hulk" þ.s. það sást svo vel í æðina á höndinni á henni(alveg eins og á Hulk).

27.1.09

Langur vinnudagur

Mamma: „Bjartur? Geturðu farið undir borðið og náð í þennan lit þarna?“

Bjartur: „Nei.“

Mamma: „Ha? Afhverju ekki?“

Bjartur: „Maður getur ekkert verið að beygja sig svona mikið -nýkominn heim úr leikskólanum!“

16.1.09

Lífið

Ef maður er stelpa og teiknar stráka þá breytist maður í strák. Af hverju? Þannig er lífið.

(Bjartur)

25.9.08

Krakkabragð

Bjartur og mamma voru í búðinni að versla ípróttanammi. Þegar þau komu á kassa var samt svoldið freystandi að kaupa alvöru nammi.... Endaði málið á því að Bjartur fékk Extra krakkatyggjó. Hann hefur aldrei smakkað svoléiðis áður og skildi ekki alveg hvernig þetta "krakkatyggjó" var.

Mamma: „Þetta er svona fyrir krakka..."

Bjartur: „Er þá nammi inni því?"

Mamma: „Nei, þetta er tyggjó fyrir krakka"

Bjartur: „Þá er það nammi."

Mamma: „Nei þetta er svona tyggjó með krakkabragði"

Bjartur virtist nokkuð sáttur... þar til komið var heim. Þá sagði hann: „Mamma. Ef ég borða þetta tyggjóóó... veit ég þá hvernig bragð er af mér?"

17.5.08

Keppnis-bíll

Í bílnum í dag var pabbi að útskýra fyrir Bjarti að bílar gengu fyrir mismunandi orku.

Pabbi: "Sumir ganga fyrir bensíni og eru bensínbílar, aðrir fyrir rafmagni og eru rafmagnsbílar og enn aðrir sem ganga fyrir vetni og eru vetnisbílar".

Bjartur: "Sumir ganga fyrir keppni",

Pabbi: "Ha, ganga fyrir keppni?" og rekur upp stór augu.

Bjartur: "Já, keppnisbílar, þarna gabbaði ég þig".

5.5.08

Vitlaus í hausnum

Bjartur var að horfa á Bansímon og Tumi tígur var að vanda að rugla eitthvað. Þá heyrst í spekingnum "Tumi er vitlaus í hausinum" og svo var hlegið mikið og nú er fólk ekki lengur kjánar heldur "Vitlaust í hausinum" :D

10.3.07

Misskilningur

Bjartur hefur verið að hlusta á geisladisk sem hann á og heitir Villikettirnir. Þar eru mörg skemmtileg lög, þar á meðal vinsælasta lagið: Við erum villikettirnir....

Í afmælinu hans Óðins Braga voru allir krakkarnir að leika villiketti og skríða á gólfinu og mjálma. Rosa fjör.

Eftir afmælið sagði Bjartur okkur frá því að villikettir mjálma ekki. Þeir syngja (því þannig er það á geisladisknum).

2.3.07

Mamma og Bjartur að spjalla

Á öskudaginn:

Mamma: „Sástu Þorberg á leikskólanum?“

Bjartur: „Já. Hann var langt í burtu.“

Mamma: „Hvað var hann?“

Bjartur (með svona hneykslunar-heyrðirðu ekki í mér-tón): „Langt í burtu!“

Mamma orðar spurninguna aftur: „hvernig BÚNING var hann í?“

Bjartur: „Hann var latibær.“ (Meinar Ípróttaálfurinn).

Mamma: „Af hverju ertu með nebbu?“

Bjartur: „Af því ég vil það.“

Mamma: „Af hverju?“

Bjartur: „Af því þar geymi ég horið mitt... og sýg það upp.“

(Jummi)

Mamma: „Manstu hvar þú átt heima?“

Bjartur: „Já. Hjallabraut 23. Það er langt í burtu.“

Mamma: „Nei. Það er hér.“

Bjartur: „Já.. þegar ég er hjá afa og ætla að labba heim.... þáááá er það langt í burtu. Þá er betra að fara á bíl.“

(klókur)

Heppin mamma!

„Þú ert mamma mín-Bína- og þú ert vinur minn..... og afa“.

Gullkorn Sunnu

6.9.11

Gömul gullkorn

"Hún blessaði með báðum" heyrðist í Sunnu þegar Dagný vinkaði bless í morgun. Hehehehe yndisleg.... 2009, 3. sept

Þeir eru skemmtilegir matartímarnir hér á þessum bæ. Dagný t.d. reytti af sér brandarana áðan. Spurði hvern fjölskyldumeðliminn á fætur öðrum hvort þeir vildu bleyju, uppskar mikla gleði hjá systkinunum og hló svo sínum trukka/hrossahlátri sjálf....mamma með bleyju.... hahahaha... það er sko fyndin mynd! 6.sept 2010

26.8.11

Misskilningur...

Sindri vill alltaf vera í kringum krakkana og tautar ánægður þegar hann nær þeim:"mama mama mama..." Verst að Sunna, litla mamma, passar þá svo vel uppá Sindra sinn, tekur hann alltaf upp og kemur með hann til mömmu. "Hann er að kalla á þig." Endar alltaf á því að litli maðurinn verður hundóánægður að fá ekki að vera með... ;o)

29.7.11

Tómatar vs. Súkkulaði

Sunna var svo dugleg að borða fiskinn sinn og til að hvetja hana til að klára alveg af diskinum bauð mamman konfekt-tómata í verðlaun. Daman sem er sjúk í grænmeti var ekki lengi að skófla í sig restinni en segir svo:"Mamma. Þú veist að ALVÖRUverðlaun eru súkkulaði..."

Lét samt tómata daga ;o)

26.4.11

Sindri að mannast

Sunna var að leika við Sindra. Litli maðurinn í miklu stuði og þá heyrir í henni:"Sindri er orðinn mennskur!! Því hann er að hlæja!"

19.4.11

Sunna í pælingum

"Mamma. Þú ert líka krakki."

"Nú?"

"Já, því amma og afi eiga þig."

18.10.10

yes man

Maturinn var alveg að verða til og Sunna vildi fá nammi. Mamman sagði auðvitað nei við því. Litla daman var auðvitað ekki sátt við það og maldaði í móinn.

S:,,jú ég vil víst fá nammi!"

M:,,Nei, það er alveg að koma matur".

S:,,Ég borða ekki þennan mat. Hann er ógeðslegur. Ég vil fá nýja mömmu."

M:,,Alveg sama. Allir foreldrar vilja að börnin þeirra borði hollt og gott. Það segja allir nei við nammi fyrir matinn".

S:,,Þá vil ég fá Já-mömmu og já-pabba!"

(okt. 2010)

8.8.10

Dýr eða dýr?

Nú þegar Bjartur fer ekki lengur með okkur mæðgum í leikskólann fylgjum við honum niðri skóla á leikjanámskeiðið... svona þegar pabbi getur ekki farið með honum. Á leiðinni þangað síðast fórum við framhjá voða flottu einbýlishúsi með flottum palli fyrir utan. Þá segir Sunna: „Parna er heitapottur.“

Mamma: „Já, er það?“

S: „Já því það er pallur.“

Þá segir Bjartur: „Mamma, er þetta dýra húsið?“ (Raðhús sem við skoðuðum einhvern tímann í þessari fasteignaleit okkar, og var með potti á pallinum)

M: „Nei.“

S: „Jú, ef maður setur dýr inni það!“

25.7.10

"Ég er eins og lítil Toyota"

...sagði Sunna þegar hún hjólaði á "fleygiferð" framhjá mömmu sinni með vagninn og Dagný innanborðs. Henni fannst hún vera á svo mikilli ferð =)

8.5.10

Sunna og gullkornin:

"Dagný getur núna hoppað með losnuðum höndum!"

Pýðing: án þess að halda sér í... ;o)

Sunna í bílnum: "Mamma, kíktu í spegilinn. Sérðu þá mig?"

Mamma: "já"

S: "Nei... þú sérð mig ekki... ég sé mig ekki."

M: "Jú ég sé þig. Núna ertu að klóra þér í nefinu".

S: "Já, ég veit".

Hehehehe.. gott að vita það sem maður er að gera ;o)

27.3.10

"Ég á þessa húfu"

...sagði Sunna við systur sína í dag og bætt við "sjáðu, það stendur ÉG inni henni" =)

5.12.09

Pungur magi

Sunna hélt um magann á sér þegar var verið að tannbursta hana í kvöld og sagði

Ég er með þungan maga

Enda var hún búin að borða vel um kvöldið og fylla vel ofaná með ís =)

27.9.09

Að ferðast í sápuvílu??

Mamman ákvað að fara í göngutúr til Möllu með krakkana svo pabbinn gæti sofið eftir spilerí um nóttina. Allir voru að gera sig reddý, klæða sig og svona og finna sápuvílu sem Sunna vildi endilega með. Bjartur ætlaði að hjóla, Dagný í kerrunni en hvað með Sunnu?

Mamma: „Sunna ætlar þú að hjóla?“

Sunna: „Nei...“

M: „Ætlarðu að labba?“

S: „Nei...“

M: „Nú, hvað þá?“

S: „Ég ætla að sápuvílast...“

8.8.09

Ruglaður bíll

Vorum að keyra á malarvegi (sem gerist nú ekki oft) og þá segir Sunna: Bíllinn er ruglaður því henni fannst svo skrítið hvað hann hristist mikið.

25.9.08

Máni-fáni

Máni frændi var í mat á Hjallabrautinni. Krakkarnir báðir nokkuð spenntir að fá Mána í heimsókn... Sunna var sett í það fyrir matinn og tók það sinn tíma að þvo hárið og svona... Þegar þær mæðgur opnuðu svo baðherbergisdýrnar var Máni það fyrsta sem Sunna sá. Hún varð mikið glöð og sagði: „Íslenda fáninn er ennþá í heimsókn!“ Máni... Fáni... þetta hljómar alveg eins;o)

9.6.08

Vandlát ung dama

Í leikskólanum um daginn kom Ragnar Logi færandi hendi með blóm til Sunnu. Eitthvað leist henni ekki nóg á vel á fífilinn og hunsaði boðið og blómið líkt og þetta væri ekki nógu merkilegt fyrir hana. Þrátt fyrir neitunina hélt boðið áfram til næstu stúlku sem þáði falleg boð. Þegar biðlinum hafði tekist svona vel til ákvað hann að reyna aftur með Sunnu. Ragnar Logi náði því blóminu aftur og bauð Sunnu í annað sinn. Nú þáði hún boðið enda hafði hún orðið vitni af því þegar hin stelpan þáði blómið og þá var hún mun móttækilegri og bara hæstánægð með blómið þótt það hefði ekki verið nógu fínt fyrir hana fyrst um sinn.

10.8.07

Talar tölvumál

Þegar Sunna byrjaði á leikskólanum heyrðist hún segja að vanda "Dílú dúlú dílú dúlú". Fóstrunar sögðu að hún talaði tölvumál.

Gullkorn Dagnýjar

24.12.11

Blíða Dagný

Dagný sagði með ofur fallegri röddu: "Þú ert falleg mamma mín".

Mamma (kannast ekki alveg við Skrípóstelpuna í þessum tón): "Ooo... þú líka".

Dagný (með sinni venjulegu, tröllaröddu): "Þú átt að segja TAKK!" (og smá dash af hneykslun líka)

Þannig kannast maður við hana ;o)

20.12.11

Tómatur/túmatur

Mamman ropaði og sagði "afsakið". Dagný var á svæðinu þannig að mamman leiðrétti sig strax og sagði "afSKAÐI".

Þá sagði Dagný: "Af hverju sagðirðu "afskaði, afskaði"?"

Hahaha... hún heyrir ekki muninn :o)

7.12.11

Duddu Dagný

Dagný er nú hætt með snuð loksins. Það hefur gengið vonum framur að fá hana til þess að gefa þetta upp á bátinn... en það hjálpaði henni að eiga yngri bróður sem á líka snuð... það mátti notast við þau þegar fíknin var alveg að fara með hana. Þá tottaði hún í svona hálfu mínútu og sagði svo hæstánægð: "Skoh! Sindra snuddur passa alveg í mig!" Hún kann sko að redda sér þessi stelpa...

En sem betur fer notar hann ekki alveg eins snuð og hún gerði og þess vegna eru þetta SINDRA snuddur, ekki hennar. Og allir sátir með það ;o)

3.12.11

Ungfrú Dagný Skrípó

Dagný vildi fá að sofna í mömmurúmi og auðvitað var það alveg sjálfsagt. Nema litla skrípóstelpa læðist svo inní sitt herbergi og er að ná sér í bækur til að lesa. Mamman nappar hana og segir henni að það sé ekki í boði að lesa í mömmurúmi núna. Klukkan orðin svoldið margt og skrípóið átti að sofna sem fyrst. Henni var nú samt boðið að lesa í sínu eigin rúmi (mamman alveg viss um að hún myndi afþakka það því mömmurúm er alltaf best) en hún þáði það... Skreið með nokkrar bækur uppí og lét fara vel um sig. Svo heyrir ekki meira í henni það kvöldið og mamman alveg viss um að hún hafi sofnað yfir bókunum.

Svo þegar mamman sjálf ætlaði að skriða uppí rúm fann hún skrípóstelpuna þar, steinsofandi og með bækurnar sínar! Best var að hún sofnaði með eina í fanginu: "Ungfrú Ráðrík"....

Svo var hún spurð útí þetta morguninn eftir:

Mamma: "Dagný af hverju fórstu með bækur í mömmurúm?"

Dagný: "Bara...."

M: "En ég var búin að segja nei."

D: "Já en þú sást mig ekki...."

Gerði greinilega ekki ráð fyrir því að vera nöppuð steinsofandi með sönnunargögnin allt í kring ;o)

21.11.11

Hjallabraut-íska

Dagný er skrautleg, það verður ekki af henni tekið. Svo er hún líka svo "dóminerandi" týpa að ef hún segir einhverja vitleysu öpum við það upp eftir henni. Þannig að nú segja allir hér á Hjallabrautinni (þeir sem kunna að tala):

Afskaði í staðinn fyrir afsakið.

Handborgari í staðinn fyrir hamborgari.

Piparpukur í staðinn fyrir piparkökur.

Heimsnokk í staðinn fyrir heimsókn....

Hvað ætli þessi skörungur verði þegar hún verður stór? ;o)

25.10.11

Fer það eftir stærðinni?

Mamma segir reglulega við Dagný:"Ég elska þig mikið."

Þá segir Dagný alltaf:"Elska þig lítið."

Fyrst var þetta bara fyndið og sætt en eftir nokkur svona svör ákvað mamman að verða agalega móðguð og sár. "Af hverju segirðu alltaf "lítið"?"

Þá kom:"Mamma. Ég er lítil og get bara elskað lítið!"

20.10.11

Stundum er erfitt að vera alltaf þessi yngri....

Sunna var að byrja að æfa fótbolta og auðvitað vildi Dagný þá líka byrja að æfa. Við vorum á heimleið í haustsólinni úr leikskólanum þegar þessar umræður áttu sér stað og langir skuggar mynduðust. Mamman reynir að útskýra fyrir skrípóstelpunni að hún sé ekki alveg nógu stór ennþá til að byrja í fótboltanum...Þá segir Dagný afar sannfærandi, eins og svo oft áður:"Jú, mamma! Sjáðu skuggann minn. Hann er nógu stór!"og hvað segir maður þá? ;o)

18.10.11

tvær er betri en ein....

Dagný fékk möndlu (nammi) hjá mömmu. Um leið og hún var búin að kyngja bað hún um aðra.

Mamma:"Nei, ekki meira"

Dagný:"En, ég VERÐ að fá aðra. Þessi er bara ein í maganum og vill hitta vinkonu sína!"

Það má reyna ýmislegt... ;o)

8.9.11

Þessi krakki...

Hún Dagný er kostuglegur krakki... Svona beið hún í morgun eftir því að komast í leikskólann. Mamman var að greiða Sunnu inná baði og þegar þær komu fram beið Dagný í sófanum. "Ég er alveg tilbúin". Einmitt. Alveg slök bara. :o)

6.9.11

Gömul gullkorn

"Hún blessaði með báðum" heyrðist í Sunnu þegar Dagný vinkaði bless í morgun. Hehehehe yndisleg.... 2009, 3. sept

Þeir eru skemmtilegir matartímarnir hér á þessum bæ. Dagný t.d. reytti af sér brandarana áðan. Spurði hvern fjölskyldumeðliminn á fætur öðrum hvort þeir vildu bleyju, uppskar mikla gleði hjá systkinunum og hló svo sínum trukka/hrossahlátri sjálf....mamma með bleyju.... hahahaha... það er sko fyndin mynd! 6.sept 2010

27.8.11

Tungubrjótur

Dagný á góða vinkonu sem heitir Jana María. En okkar dömu er lífsins ómögulegt að geta sagt nafnið hennar... Eftir mikið ströggli af "Maramaría", "Mana María", "Naramaría", "Jaramanía".... og bara hvað sem er annað en "Jana María" hefur hún nú fundið lausnina:"Maríubjalla!" og það er alveg jafn sætt ;o)

15.8.11

Dónaskapur...

Saga úr leikskólanum:

Krakkarnir fengu krítar í útiverunni og einhverjir höfðu krítað á veggina á leikskólanum. Þá heyrst í Miss D:"Hver er að krrroota svona á vegginn? En dónalegt!"

Þess má geta að Dagný er eina barnið okkar (hingað til) sem hefur tekið sig til og krotað á vegg heimilisins.....ítrekað!

Fegursti fífillinn?

Dagný spurði aaafar væminni röddu:"Mamma? Er ég ekki fallegasta blómið þitt?" Hún kann að bræða mann þessi stelpa

Dagný dúll, mamma klikk

Dagný dúll er ekki kölluð dúll fyrir ekki neitt. Auk þess hversu mikil dúlla hún er, kann hún sko að dúlla sér!

Og hún var að dúlla sér við litlu fígúrunar sínar einn morguninn og hlustaði ekki nógu vel á mömmu sína þegar hún var að biðja hana um að flýta sér:

Mamma:"Dagný, komdu og drífðu þig að borða morgunmatinn þinn."

Dagný:"Já, ég er bara aðeins að leika mér."

M:"Nei, komdu strax. Við erum að fara svo í leikskólann. Sýndu nú dýrunum þínum hvað þú ert dugleg að borða. Þau langar svo að sjá hvað þú ert dugleg. Þau segja: Dagný, komdu að borða. Sýndu okkur."

D:"NEI. Þau kunna ekki að tala!!!! (alveg með sinni kröftugu hneykslunar rödd).

Mamman aaaaaaalveg að missa þolinmæðina....

Dagný heldur áfram að dúlla sér og spjallar við dýrin og þau "svara" henni.

M:"Nú? Kunna þau NÚNA að tala?"

D:"NEI!! ÉG er að segja þetta!!" Enn hneykslaðri á auðtrúa mömmu sinni.

26.7.11

Gordjöss...

Dagný var að setja nýtt met í krúttlegheitum og var spurð:"Af hverju ertu svona sæt?!" Þá toppaði hún sig enn einu sinni og sagði:"Nei. Ég er glæsileg!"

20.6.11

Dagný við matarborðið:

"Þið megið ekki borða svona mikið! Þið fáíð bara feitar kinnar!"

16.5.11

rassamerking

Mamma er að stríða Dagnýju og segir:"sjá þennan sæta rass! Ég á þennan rass!"

Dagný er sko ekki sátt við það:"NEI! ÉG á hann!"

M:"Nei ÉG!"

D:"Nei þú ert með rass!"

M:"já þú átt hann og ég á þinn".

D:"Nei, ég á minn! Það stendur ÉG á honum!"

Þar með var mamman sigruð ;o)

Í loftinu hangir...?

Einhver galsi var í Dagnýju og Bjartur var líka búinn að vera ofurhress og glaður.

Mamman segir þá:" Hvað er eiginlega í loftinu?"

Þá svarar Dagný með hneykslun í röddinni:"Ljós!"

Mamman og Lilja frænka fara að hlæja. Já auðvitað er ljós í loftinu... en okkar kona finnur samt á sér að hún hafi verið að svara einhverri vitleysu og bætir við:"...eða skrítin fluga eða bara hvað..." (segir alltaf bara "hvað" í staðinn fyrir "eitthvað")

Lyklabarn?

Dagný fann lykil í dótinu. Kom sigri hrósandi og sýndi mömmu sinni lykilinn.

D:"Mamma. Ég fann lykil!"

M:"Vá, en fínt."

D:"Þetta er samt ekki lykillinn að Sindra. Hann er bara fastur við þig".

Spurning hvernig á þá að losa Sindra frá mömmunni... ;o)

Maður er inni í innifötum og úti í útifötum!

Pabbi:"Dagný, ekki fara inn á skónum"

Dagný fer þá úr skónum í forstofunni. Á meðan labbar pabbinn inn úr forstofunni með húfu.

Þá heyrir í okkar konu:"Pabbi! Ekki fara inn á húfunni!"